



30. apríl 2015

Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar
Magnús Baldursson fræðslustjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Efni: Stutt greinargerð um fimm ára bekkinn í Hvaleyrarskóla.

Boðið hefur verið upp á skólastarf fyrir fimm ára börn í Hvaleyrarskóla undanfarin þrjú ár. Fjöldi nemenda hefur verið nokkuð stöðugur því öll árin höfum við haft tólf nemendur. Að vísu hafa færri byrjað á haustin en síðan hefur nemendum fjölgað upp í fyrrgreinda tölu. Boðið er upp á nám í dansi, tónlist, textíl, myndlist, heimilisfræði, íþróttum og sundi en einnig er leitast við að samþætta nám í læsi, stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði þar sem tekið er mið af þeirri reynslu sem börnin koma með sér í skólann.

Lögð er áhersla á að bjóða nemendum upp á fjölbreytt starf í örvandi námsumhverfi. Tekið er mið af því meginsjónarmiði að leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins. Leikurinn er því meginnámsleið fimm ára barnanna. Með því að nýta okkur sérþekkingu kennara og þá sérhæfðu aðstöðu sem skólinn hefur fyrir verk- og listgreinar höfum við getað boðið fimm ára nemendum okkar upp á mjög fjölbreytta námsreynslu. Við höfum það ennfremur að markmiði að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í sínum þroska og bjóða upp á einstaklingsmiðað nám á forsendum hvers og eins.

Fimm ára bekkurinn er hluti af yngstu deild skólans og taka fimm ára börnin þátt í öllum reglulegum viðburðum í skólanum, s.s. samverum, skólaskemmtunum og þemadögum. Þá hefur verið unnið að því í vetur að hafa svokallað hringekjuform þar sem fimm ára nemendum er blandað saman með nemendum í 1. bekkjum.




Boðið er upp á lengda viðveru fyrir fimm ára börnin, frá kl. 7.30-8.20 og einnig seinni part dags eða frá kl. 15.00-17.00 fyrir þá sem það kjósa. Þá er einnig boðið upp á þjónustu fyrir fimm ára börnin þá daga sem skólinn er ekki starfandi, t.d. í jólafríi, páskafríi og sumarfríi.

Árangur af starfi fimm ára bekkjarins hefur ekki verið mældur sérstaklega. Þó má benda á að þeir nemendur sem höfðu verið í fimm ára bekknum á síðasta skólaári komu talsvert betur út úr læsissskimuninni LTL sl. haust en aðrir nemendur. Þá hafa foreldrar verið almennt mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið og nemendur einnig.

Árangur af starfi fimm ára bekkjarins má ekki síst þakka því að sami starfsmaðurinn hefur leitt starfið frá byrjun. Regína Rósa Harðardóttir býr yfir mikilli færni, þekkingu og reynslu og hefur það verið ómetanlegt að hafa hana til þess að leiða þetta þróunarstarf.

Hér fyrir neðan má sjá stundatöflu fimm ára bekkjarins skólaárið 2014-2015 til frekari glöggvunar.

5 ára bekkur RRH					
Kennari: Regína Rósa Harðardóttir Stundaskrá 2014 -2015			Tölvupóstur: Reginarh@hvaleyarskoli.is sími 5650200/6610053		
Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:30-08:00	Róleg stund/ leikskólinn opnar	Róleg stund/ leikskólinn opnar	Róleg stund/ leikskólinn opnar	Rólegstund/ leikskólinn opnar	Róleg stund/ leikskólinn opnar
08:00-08:20	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
08:20- 09:00	Val/frjáls leikur	Val/frjáls leikur	Samvera á sal	Val/frjáls leikur	Val/frjáls leikur
09:00-09:40	Val/frjáls leikur	Stærðfræði	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Myndmennt 08:45-09:25
09:40-10:00	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur	Frimínútur
10:00-11:00	Vettvangsferðir/ Frjáls leikur	Frjáls leikur	Tónmennt /frjáls leikur	Dans/frjáls leikur	Vettvangsferðir/ frjáls leikur
11:00-11:30	Hádegisverður	Hádegisverður	Hádegisverður	Hádegisverður	Hádegisverður
11:30-12:00	Hvíld		Hvíld	Hvíld	Hvíld
12:00-13:00	Bernskulæsi /stafainnlögn	Íþróttir	Textílmenn/frjáls leikur	frjáls leikur	Hringekja með 1. bekk 12:00-13:20
13:00-14:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Síðdegishressing kl 13:25
14:00-14:30	Markviss málörvun	Markviss málörvun	Markviss málörvun	Markviss málörvun	Sund kl 14:10-14:50
14:30-15:00	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Ávaxtastund kl 15:10
15:00-17:00	Val/frjáls leikur	Val/frjáls leikur	Val/frjáls leikur	Val/frjáls leikur	Val/frjáls leikur

Virðingarfyllst,

Helgi Arnarson
Helgi Arnarson skólastjóri.

